

Fyrirspurn

til utanríkisráðherra um friðlýsingu Íslands fyrir kjarnorkuvopnum og bann við umferð kjarnorkuknúinna farartækja.

Frá Auði Lilju Erlingsdóttur.

1. Hefur nefnd um þjóðaröryggisstefnu hafið störf og ef svo er, hvenær er fyrirhugað að hún ljúki störfum?
2. Hver er afstaða ráðherra til frumvarps til laga um friðlýsingu Íslands fyrir kjarnorkuvopnum og bann við umferð kjarnorkuknúinna farartækja sem var vísað til ríkisstjórnarinnar 16. september 2011?
3. Mun ráðherra beita sér fyrir friðlýsingu Íslands fyrir kjarnorkuvopnum og banni við umferð kjarnorkuknúinna farartækja?

Skriflegt svar óskast.

